



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Viðar þekjandi

LÝSING

Viðar þekjandi er þekjandi viðarmálning byggð upp af alkýð/línolíu bindiefnum. Málningin er létt í vinnslu, flýtur vel og myndar þekjandi filmu án þess að viðarmynstrið tapist. Málningin hefur mjög góða smýgni- og vætiegisleika á viðarfleti, ásamt því að mynda vatnsfráhrindandi og veðurþolna filmu og hentar því íslenskum aðstæðum sérstaklega vel. Viðar þekjandi inniheldur efni sem verja viðinn gegn niðurbrotsáhrifum sólarinnar.

NOTKUN

Viðar þekjandi er ætluð til málunar á nýjan við utanhúss, en er einnig hentug til endurmálunar á fleti



Tæknilegar upplýsingar

Litir	Staðallitir auk litakerfis
Gljástig	60
Pakkningar	1, 4 og 10 lítra
Efnisnotkun	4-6 m ² / l (óheflaður viður) 9-11 m ² / l (heflaður viður)
Eðlisþyngd	1,15 kg / l
Þurrrefni	55% (rúmmál)
Þynnir	Terpentína
Áhaldahreinsir	Terpentína
Þurrktími	4-8 klst 20°C
Yfirmálun	6-10 klst

UNDIRMÁLUN

Viðar vör og Viðar grunnmálning.

ÁHÖLD

Rúlla eða pensill.

VINNUTILHÖGUN

Nýmálun

Verksmiðjugrunnaður og nýr viður, litaður eða grunnfúavarinn viður. Fjarlægð ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsir. Á endatré og samskeyti, þar sem vatnsálag getur verið mikið, er nauðsynlegt að metta vel með Viðari grunnvörn. Á lokum eru málaðar 2 umferðir með Viðari þekjandi. Álagsfleti s.s. glugga, girðingar og hliðar sem snúa áveðurs skal mála 3 umferðir og skal þynna fyrstu umferð 10 % með terpentínu.

Endurmálun

Við endurmálun er nauðsynlegt að fjarlægja laust og sprungið yfirborð, ásamt öllum óhreinindum, sem gætu spillt viðloðun. Mattið gljáandi fleti með sandpappír. Gróður og myglu skal þrifa burt með Viðar Grámahreinsir. Fitu og sót skal þrifa í burt með Málningarhreinsi og vatni. Bletta skal með Viðari þekjandi þynntu 10 % með terpentínu. Yfirborðið er síðan málað með 1-2 umferðum af Viðari þekjandi.

ATHUGASEMDIR

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðurinn skal vera vel þurr (18-20 %) áður en málað er með Viðari þekjandi.
- Viðar þekjandi hentar ekki á fleti áður málaða með plastþeytumálningum og lökkum.
- Viðar þekjandi er ekki skaðlegt gróðri þegar málningin hefur þornað. Verjið hins vegar gróður fyrir efninu þegar málað er.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/e 400 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 400 g/l

VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.